

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2126*  
*komudagur 7.5.2012*



Sveitarfélagið  
Vogar

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Vogum, 7. maí 2012

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.**

Á 41. fundi umhverfis- og skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Voga, þann 7. maí 2012, var tekið fyrir erindið:


**Atvinnuveganefnd Alþingis óskar umsagnar um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál, skv. tölvubréfi dags 25. apríl 2012.**

Eftirfarandi er umsögn umhverfis- og skipulagsnefndar:

Meginmarkmið aðalskipulags 2008-2028 er “að sveitarfélagið Vogar verði vistvænt sveitarfélag sem leggur áherslu á fjölskylduvænt umhverfi, fjölbreytta náttúru, útivistarsvæði og hátt þjómustutig. Gert er ráð fyrir að sjálfbær þróun verði leiðarljós við skipulag og framkvæmdir þannig að kynslóðir framtíðarinnar fái notið alls þess sem við höfum nú og gott betur”.

Samkvæmt sameiginlegri stefnumótun sem birtist í tillögu um svæðisskipulag sveitarfélaganna á Suðurnesjum sem samþykkt hefur verið til auglýsingar kemur fram skýr vilji sveitarstjórnarmanna á svæðinu til að allrar varúðar sé gætt við nýtingu svæðisins en þar segir m.a. “Vegna náttúruverndargildis háhitasvæða þarf að fara með gát við nýtingu jarðhitans og setja reglur við nýtingu sé hún talin hafa óásættanleg áhrif á verndar- og/eða útivistargildi háhitasvæða. Skipulagning og stofnun jarðvangs (e. geopark) er leið að því markmiði að tekið sé markvisst á annarri nýtingu og náttúruvernd samhliða nýtingu jarðhita og annarra auðlinda á Suðurnesjum. Umfang orkuvinnslu, útfærsla mannvirkja og reglur verða skilgreindar þegar ítarlegri upplýsingar liggja fyrir”.

Sveitarfélagið Vogar er aðili að Reykjanesfólkvangi og hefur tekið þátt í að móta stefnu og framtíðarsýn fólkvangsins sem nú liggur fyrir (sjá vefslóðina [http://reykjanesfólkvangur.is/files/11210\\_sk120404\\_Sti%C3%B3rnunar%C3%A1%C3%A6tlun\\_dr%C3%B6g.pdf](http://reykjanesfólkvangur.is/files/11210_sk120404_Sti%C3%B3rnunar%C3%A1%C3%A6tlun_dr%C3%B6g.pdf) ). Þessi vinna mun væntanlega nýtast í áætlun um eldfjallagarð (geopark) sem sveitarfélögin á Suðurnesjum eru öll aðilar að. Í áætluninni er lagt til að stækka fólkvanginn og hugsanlega sameina Bláfjallafólkvangi. Í stjórnunaráætlunni er lögð áhersla á að orkunýtingin verði á forsendum náttúruverndar og að sjálfbærni verði gætt. Mikilvægt er að rammaáætlun taki mið af þessari stefnumótun þannig að áætlunin kollvarpi ekki þeirri vinnu sem nú er vel á veg komin.





Sveitarfélagið  
Vogar

Í niðurstöðum 2. áfanga rammaáætlunar kemur fram að friðun og virkjun á háhitasvæðum fara yfirleitt ekki saman og því sé eðlilegt er að skipta háhitasvæðum í tvo meginflokka, nýtingarflokk og verndunarflokk. Í niðurstöðu rammaáætlunar kemur fram að vegna skorts á gögnum er ekki talið unnt að skipta öllum þekktum háhitasvæðum í flokkana tvo á grundvelli raka. Ef lítið er til gagna rammaáætlunar má leiða rök að því að Reykjanesið falli að mestum hluta undir það.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Voga telur rétt að horfa til þeirra tækifæra sem felast í eldfjallagarði og fólkvangi á Reykjanesskaga og ekki verði spillt þeim tækifærum sem felast í einstakri náttúru svæðisins.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Sigurður H. Valtýsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi

